



**Ávarp  
forseta Íslands  
Guðna Th. Jóhannessonar  
á 220 ára vígsluafmæli Bessastaðakirkju  
16. október 2016**

Ágætu kirkjugestir.

Við erum samin komin á sögufrægum stað. Á þessum slóðum hefur mannvist verið frá landnámi, kirkja frá fyrstu tíð kristni. Elstu guðshúsin komu og fóru og eru af þeim litlar eða engar sögur. Snemma á 17. öld, rúmri hálfri öld eftir siðaskipti, var reist hér timburkirkja, mikilfengleg um þá daga. Hún stóð aðeins í tvö ár, fauk í fárviðri og í stað hennar kom ný kirkja með torfveggjum en að því kom að brýnt þótti að endurbyggja hana.

Árið 1773 var hafist handa. Steinkirkja skyldi rísa. Sá undarlegi háttur var hafður á að múrveggir voru hlaðnir utan um hina illa fögnu torfkirkju og smíðin gekk seint. Hvað eftir annað mátti engu muna að hætt yrði við allt saman. Dýrmætir munir bárust en týndust. En til að gera langa sögu stutta fór svo að mönnum tókst loks að ljúka við hina nýju kirkju.

Árið 1796, fyrir 220 árum, var Bessastaðakirkja vígð. Þá um sumarið var brúðkaup ungra hjóna ein fyrsta athöfnin hér og var kirkjan þéttsetin, öll helstu fyrirmenni þjóðarinnar saman komin. Kirkjan þótti glæst að allri gerð, listilega skreytt og vegleg. Kórinn var þiljaður af með máluðum grindum og rimlum að ofan. Í þilinu miðju voru gildar súlur og vængjahurðir í hliðinu á milli. Sveigur var milli súlnanna og þar í gyllt kóróna. Utan kórgrinda stóð predikunarstóllinn og himinn yfir honum. Gólfíð var lagt rauðum múrsteinum. Tignarfólk hafði sérinngang.

Áfram mætti lýsa hinni nýju kirkju. Ekki var smíði hennar þó alveg lokið. Turninn reis ekki fyrr en árið 1823 og síðan hefur kirkjan auðvitað tekið miklum breytingum. Fyrst snerist allt á verri veg, viðhaldi lítt sinnt og um miðja nítjándu öld ráðgerðu dönsk stjórnvöld að leggja kirkjuna niður. Var hún þá talin „mjög hrörleg“ og „vesælasta kirkja“ prófastdæmisins. Um síðir birti hins vegar til. Árið 1941 gaf Sigurður Jónasson jörðina Bessastaði undir bústað væntanlegs þjóðhöfðingja Íslendinga. Þremur árum síðar varð Sveinn Björnsson fyrsti forseti Lýðveldisins og þegar var ráðist í talsverðar breytingar á kirkjunni; múrsteinsgólf fjarlægð svo dæmi sé tekið. Í forsetatíð Ásgeirs Ásgeirssonar voru settir í kirkjuna steindu gluggarnir sem enn prýða hana.

Gætu Álftanesbændur fyrri daga og skólasveinar í Bessastaðaskóla virt fyrir sér kirkjuna eins og hún lítur út núna myndu þeir örugglega horfa í kringum sig í

forundran. Ef við leikum okkur áfram með það sem gæti gerst í slíku tímaflakki hér á Bessastöðum má ímynda sér að skólapiltar hefðu sperrt eyrun við kveðskap Þórarins Eldjárns, sonar Kristjáns Eldjárns sem tók við forsetadómi af Ásgeiri. Árið 1974, þegar Kristján sat Bessastaði, kvað Þórarinn svo um Sveinbjörn Egilsson sem hér kenndi, þýddi gríska gullaldartexta og er einn hinna miklu jöfra íslenskrar menningar:

Gaman er að stökkva á stöng  
ef stöngin þín er nóu löng.  
Sveinbjörn átti stöng og stökk,  
hann stökk og flaug um loftin dökk

að morgni dags á myrkurtíð  
og mýrin undir djúp og víð.  
Gráan poka á baki þar,  
bækur Hómers lágu þar.

Þá var öldin önnur er Sveinbjörn stökk á stöng,  
þá var ei til Bessastaða leiðin löng.

Tímarnir breytast og mennirnir með. En fortíð og nútíð lifa saman. Sumt breytist, annað ekki. Afrek Sveinbjarnar Egilssonar minnka ekki þótt um hann sé ort frekar gáskalega. Og kvæðið er ekki út í hött. Í skýringum með því er vitnað í frásögn Benedikts Sveinbjarnarsonar Gröndals af ferðum föður hans frá Eyvindarstöðum, þar sem fjölskyldan bjó, að Bessastaðaskóla. Í *Dægradvöl*, hinum stórskemmtilegu endurminningum sínum, skrifaði Benedikt: „Vegurinn frá Eyvindarstöðum að Bessastöðum var oft illur yfirferðar og fór faðir minn þangað í skólann á hverjum morgni ... ; hann hafði langan broddstaf og var svo léttur að hann henti sig á honum yfir breiðar grafir og dý.“

Í þessum loftköstum hefur Sveinbjörn haft kirkjuna fyrir sjónum sér, keimlíka þeirri byggingu sem við nú sitjum í. Bessastaðakirkja ber söguna í sér þótt hún birtist okkur ekki í dag í upprunalegri mynd, enda væri í raun vandsnúið eða ómögulegt að finna þá einu og sönnu ásýnd. Samt viljum við halda í það sem við getum, slíta ekki strenginn við liðna daga, og styrkja hann ef eitthvað er. Nauðsynlegar eða æskilegar endurbætur framtíðarinnar ættu að taka mið af því.

Alltaf þarf kirkjan þó að vera hlýleg, eins hlýleg og hún er um okkar daga. Fyrir tveimur áratugum var minnst tveggja alda afmælis Bessastaðakirkju. Í einlægri lýsingu um þær mundir komst Vigdís Finnbogadóttir, eftirmaður Kristjáns Eldjárns á forsetastóli, svo að orði: „Kirkjan á Bessastöðum er mér sérstaklega kær. Hún er guðshúsið í tünfæti höfuðbólsins sem ábúandinn hlýtur að vitja svo til daglega. Þykkir veggir hennar geyma mikla sögu um gegnar kynslóðir. Sú saga er um líðan þjóðar og það traust og þann varanleika sem kirkjan hefur gefið mönnum frá kyni til kyns. Í þögninni hér inni skynjum við fótatak kynslóðanna, ... Sérhverju sinni sem hér er hátíðleg stund, og fyrir hvern þann sem hingað kemur á tímamótum í lífi sínu, er [kirkjan] sem öldruð móðir sem umfaðmar börn sín með blessunaróskum.“

Í hinu háa embætti sem ég hef nýtekið við finn ég sömuleiðis að þessi kirkja verður þeim kær sem býr á Bessastöðum. Gildir þá einu að ég tilheyri ekki þjóðkirkjunni. Þetta hús á þessum stað geymir sögu sem við Íslendingar ættum að muna og kunna að meta, hvernig sem við kjósum að haga okkar lífssýn. Boðskapur um kærleika, samkennd og vináttu á líka að vera algildur, trúfélögum og trúarbrögðum æðri. Ég lýk þessari hugvekju á veraldlegum sálmi Egils Ólafssonar,

Stuðmanns með meiru, sem minnir okkur líka á að njóta lífsins, njóta hvers dags, og vera vinir:

Þetta litla ljós  
sem logar innst,  
getur slokknað  
þegar varir minnst.  
Því ég gleymi allt of oft.  
Þetta bjarta bros  
sem bætir allt,  
mildar lífið  
þegar lánið valt –  
hefur gleymt að heilsa á mig.  
Þótt himnarnir hrynji  
hál sé braut,  
við endi heims umturnist  
jarðarskaut –  
verum vinir – alla tíð.